



Þingskjal nr. 12

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar, gr. 3.1 um keppni.

Greinin er:

3.1 Um keppni

Keppni í hestaíþróttum, gæðingakeppni og kappreiðum skal fara fram skv. lögum og reglugerðum LH og ÍSÍ svo og öðrum reglugerðum sem LH hefur samþykkt. Keppnistímabilið er almanaksárið. Keppnistímabil í reglum þessum þýðir hvert byrjað keppnistímabil þar sem það á við. Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan végbanda ÍSÍ. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn er þeir hafa verið einn mánuð á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.

Greinin verður:

Keppni í hestaíþróttum, gæðingakeppni og kappreiðum skal fara fram skv. lögum og reglugerðum LH og ÍSÍ svo og öðrum reglugerðum sem LH hefur samþykkt. Keppnistímabilið er almanaksárið. Keppnistímabil í reglum þessum þýðir hvert byrjað keppnistímabil þar sem það á við. Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan végbanda ÍSÍ. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn/**knapar**-er þeir hafa verið **skráðir í hestamannafélag og greitt félagsgjöld**, **einn mánuð á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags**.

Greinargerð

Tæknin í dag er orðin þannig að hægt er að gera allt samdægurs. Er ekki komin tími til að fylgja tækninni í þessum málum og leyfa hlutum að gerast hratt eins og tíðarandin er.



Þingskjal nr. 13

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar, gr. 3.3 Félagaskipti.

Greinin er:

3.3 Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram á eftirfarandi hátt:

3.3.1 Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði, sem LH gefur út, og kallast félagaskiptaeyðublað. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi keppanda, félagi því sem gengið er úr og félagi því sem gengið er í. LH staðfestir félagaskiptin og öðlast viðkomandi keppandi þar með keppnisrétt með hinu nýja félagi í fyllingu tímans. LH er ekki heimilt að staðfesta félagaskipti fyrr en undirskrift keppanda og viðkomandi félaga liggur fyrir.

3.3.2 Heimild til undirritunar félagaskipta

Heimild til að undirrita félagaskiptaeyðublað hafa:

- Formenn félaga eða staðgenglar þeirra.
- Formaður LH eða staðgengill hans.
- Viðkomandi keppandi, eða aðili með skriflegt umboð hans.

3.3.3 Keppandi og keppni

Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili.

Sjá þó greinar 3.3.4. og 3.4.

3.3.4 Heimild til félagaskipta

Heimilt er að skipta um félag á tímabilinu 1. janúar til febrúarloka ár hvert. Hafi keppandi ekki tekið þátt í móti s.l. tvö keppnistímabil, gilda þessi tímamörk ekki. Keppandi sem flytur lögheimili og dvalarstað sinn milli héraða innan keppnistímabilsins og gengur í félag á nýjum dvalarstað, hefur rétt á að keppa fyrir hið nýja félag sitt, þótt hann hafi áður á sama keppnistímabili keppt fyrir annað félag í sínum fyrri heimkynnum. Félagaskipti skulu fara eftir reglum um félagaskipti.

Heimilt er að draga félagaskipti til baka, hafi keppandi ekki tekið þátt í íþróttamóti með sínu nýja félagi á keppnistímabilinu, og öðlast hann þá keppnisheimild með sínu gamla félagi strax og hann hefur



sannanlega lagt fram skriflega beiðni þar að lútandi til LH.

Óski keppandi félagaskipta skal hann greiða LH gjald, sem nemur kr. 2.500,- og greiðist við samþykki LH. LH er óheimilt að staðfesta félagaskipti nema gjald þetta sé greitt.

Félagi er óheimilt að synja keppanda um félagaskipti, sé hann skuldlaus við félagið.

LH skal tilkynna öllum félögum um félagaskipti keppenda eigi síðar en 7 dögum eftir að LH hefur staðfest félagaskiptin.

Greinin verður:

3.3 Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram á eftirfarandi hátt:

Hvert hestamannafélag sér um að skrá inn nýja félagsmenn/iðkendur í sít hestamannafélag. Einnig sér hvert hestamannafélag um að afskrá hvern þann félagsmann/iðkanda úr sínu hestamannafélagi.

Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili. Þátttaka í ólögglegum mótm eru ekki talin með í þessu tilfelli þó svo um lokuð mótt sé að ræða.

3.3.1 Félagaskipti

~~Félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði, sem LH gefur út, og kallast félagaskiptaeyðublað. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi keppanda, félagi því sem gengið er úr og félagi því sem gengið er í. LH staðfestir félagaskiptin og öðlast viðkomandi keppandi þar með keppnisrétt með hinu nýja félagi í fyllingu tímans. LH er ekki heimilt að staðfesta félagaskipti fyrr en undirskrift keppanda og viðkomandi félaga liggur fyrir.~~

3.3.2 Heimild til undirritunar félagaskipta

~~Heimild til að undirrita félagaskiptaeyðublað hafa:~~

- ~~Formenn félaga eða staðgenglar þeirra.~~
- ~~Formaður LH eða staðgengill hans.~~
- ~~Viðkomandi keppandi, eða aðili með skriflegt umboð hans.~~

3.3.3 Keppandi og keppni

~~Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili.~~

~~Sjá þó greinar 3.3.4. og 3.4.~~

3.3.4 Heimild til félagaskipta

~~Heimilt er að skipta um félag á tímabilinu 1. janúar til febrúarloka ár hvert. Hafi keppandi ekki tekið þátt í móti s.l. tvö keppnistímabil, gilda þessi tímamörk ekki. Keppandi sem flytur lögheimili og dvalarstað sinn milli heraða innan keppnistímabilsins og gengur í félag á nýjum dvalarstað, hefur rétt á að keppa fyrir hið~~



nýja félag sitt, þótt hann hafi áður á sama keppnistímabili keppt fyrir annað félag í sínum fyrri heimkynnum. Félagaskipti skulu fara eftir reglum um félagaskipti.

Heimilt er að draga félagaskipti til baka, hafi keppandi ekki tekið þátt í íþróttamóti með sínu nýja félagi á keppnistímabilinu, og öðlast hann þá keppnisheimild með sínu gamla félagi strax og hann hefur sannanlega lagt fram skriflega beiðni þar að lútandi til LH.

Óski keppandi félagaskipta skal hann greiða LH gjald, sem nemur kr. 2.500, og greiðist við samþykki LH. LH er óheimilt að staðfesta félagaskipti nema gjald þetta sé greitt.

Félagi er óheimilt að synja keppanda um félagaskipti, sé hann skuldlaus við félagið.

LH skal tilkynna öllum félögum um félagaskipti keppenda eigi síðar en 7 dögum eftir að LH hefur staðfest félagaskiptin.

Greinargerð

Þessi texti kemur í staðinn fyrir greinar 3.3.1, 3.3.2, 3.3.3, 3.3.4.

Það er tillaga um að fella þessar greinar út úr lögum LH þar sem þær fylla ekki tímans rás.



Þingskjal nr. 14

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar, gr. 3.6 Um breytingar.

Greinin er:

3.6 Um breytingar

Lagabreytingar og breytingar á reglugerðum, sem samþykktar eru á ársþingi LH, skulu berast til aðildarsambanda og formanna félaga í síðasta lagi í mars ár hvert. Þá skal stjórn LH senda með fundargerðum sínum samþykktir og reglugerðir, sem hún samþykkir milli ársþinga.

Greinin verður:

3.6 Um breytingar

Lagabreytingar og breytingar á reglugerðum, sem samþykktar eru á ársþingi LH, skulu berast til aðildarsambanda og formanna félaga í síðasta lagi í mars ár hvert. ~~Þá skal stjórn LH senda með fundargerðum sínum samþykktir og reglugerðir, sem hún samþykkir milli ársþinga.~~

Greinargerð

Stjórn hefur ekkert vald til að breyta samþykktum, lögum eða reglugerðum LH á milli landsþinga.